

## Illskan í íslenskum miðaldabókmenntum

Fæstar íslenskar miðaldabókmenntir lýsa beinlínis skoðunum eða athugunum höfundanna heldur eru á ferðinni frásagnir þar sem fortíðin er til umfjöllunar en auðvitað slæðast með alls konar höfundaviðhorf og almenn umfjöllun sem eflaust átti sinn þátt í rituninni. Sagnaritarar miðalda voru meðvitaðir um að sagan hefði almennt gildi, atburðir ættu sér hliðstæður eða þeir endurtækju sig. Skýrt kemur þetta fram hjá hinum norska Þóri sagnaritara sem í Noregssögu sinni skýtur inn útúrdúrum (*digressiones*) sem eru erlend dæmi frá ýmsum stöðum og stundum hliðstæð því sem gerðist í Noregi á þeim öldum sem eru til umfjöllunar í sagnariti hans.<sup>1</sup> Enginn vafi er heldur á því að söguhlýðendum var ætlað að hafa skoðanir á hinu sögulega efni, alveg eins og skoðunum almennings í samtímanum er iðulega lýst („þótti það skaði mikill“). Eins segja höfundar stundum milliliðalaust skoðun sína á mönnum og málefnum og ekki þykir óeðlilegt að bæta við lyndiseinkennum söguhetja þegar útliti þeirra hefur verið lýst, þar á meðal hörðum dómum um sumar sögupersónur. Ekki er þó almenn regla að fólk sé kynnt í íslenskum sagnaritum. Sumir birtast einfaldlega í sögunni og áheyrendum er þá látið eftir að fella sína dóma.

Rógtungan Mörður Valgarðsson varð svo illræmdur og hataður af íslensku þjóðinni að nafn hans var varla notað öldum saman eftir að *Njáls saga* var rituð en honum er lýst svo í sögunni: „Þá er hann var fullkominn at aldri var hann illa til frænda sinna ok einna verst til Gunnars; hann var slægr maðr í skapferðum ok illgjarn í ráðum“.<sup>2</sup> Seinna kemur fram að Mörður öfundar Gunnar frænda sinn og hegðun hans í sögunni tekur síðan af öll tvímæli um illgírni hans. Hann neitar að taka þátt í bardaga nálægt heimili sínu, leggur til að Gunnar á

<sup>1</sup> Sjá meðal annars Sverre Bagge, „Theodoricus Monachus – Clerical Historiography in Twelfth-century Norway“, *Scandinavian Journal of History* 14:1989, bls. 113–133.

<sup>2</sup> *Brennu-Njáls saga*, Íslensk fornrit 12, útgáfa, Einar Ólafur Sveinsson, Reykjavík, 1954, bls. 70.



Hlíðarenda sé brenndur inni og að lokum vinnur hann sitt versta ódæði þegar hann rægir Höskuld Hvítanesgoða við Njálssyni og öfugt en tekur síðan þátt í vígi Höskuldar á laun. Mörður varð eðlilega að tákmynd lygarans fyrir Jóhann Sigurjónsson sem samdi um hann sitt hinsta leikrit (*Logneren: skuespil i fem akter*, 1917). Öfugt við mörg illmenni í sögum fær Mörður þó aldrei makleg málagjöld og er þvert á móti í réttu liði í sögulok. Auk heldur er hann einn örfárra manna í *Njáls sögu* sem sagt er að elski konuna sína.<sup>3</sup>

Mörður er aldrei kallaður illmenni í sögunni en þá einkunn fá Kolur verkstjóri Hallgerðar langbrókar og Brynjólfur rósta frændi hennar.<sup>4</sup> Þeir verða báðir þátttakendur í illdeilum Hallgerðar og Bergþóru en hvorugur þó viljugur og Kolur á raunar ein spaklegustu ummæli sögunnar þegar Hallgerður fullvissar hann um að hún muni gæta hans en hann segist hafa dreymt annað.<sup>5</sup> Veit sjálf-sagt eins og hinir lítilsverðu á öllum tímum að þeim sem eru hærra í stigveldinu er oftast slétt sama um þjóna sína þegar á reynir. Atli húskarl Bergþóru notar orðið illmenni líka um sjálfan sig en ef til vill er söguhlýðendum ætlað að efast um það eins og allar staðhæfingar manna um sjálfa sig.<sup>6</sup> Síðar kallar hinn gráglettni Víga-Hrappur sjálfan sig illmenni þegar á vegi hans verður útlaginn Tófi sem hefur rænt eiginkonu sinni frá frændum hennar: „En ek veit, at vit erum báðir illmenni, því at þú mundir ekki hér kominn frá öðrum mönnum, nema þú værir nokkurs manns útlagi“.<sup>7</sup> Hér er illmennið augljóslega samfélagslega skilgreint fremur en með tilvísun til siðalögmála sem séu mönnum æðri, nema Hrappur leggi þetta tvennt einfaldlega að jöfnu. Túlkun orðanna hlýtur þó að taka mið af því að Hrappur er gráglettinn og auðvitað hinu að ekki er hægt að skilja það eins þegar menn kalla sjálfa sig illmenni en þegar sögumannsröddin eða almannarómur úthlutar mönnum heitinu. Gæti Hrappur verið að benda á að í raun sé hvorugur mannanna illmenni í raun og veru? Gæti verið að illmenni sé nánast eins og starfsheiti í sögunni, notað um handlangara sem hægt er að fá til að vinna illvirki?

Tveir menn í viðbót eru kallaðir illmenni í *Njálu* en á þeim vitum við engin deili. Það er þegar Snorri goði eignar tveimur draugum að stöðva framrás Flosa og manna hans í almannagjá á Þingvöllum og sögumaður skýrir – eða öllu

<sup>3</sup> Sjá meðal annars Robert Cook, „Mörður Valgarðsson“, *Sagnaheimur: Studies in Honour of Hermann Pálsson*, ritstjórar Ásdís Egilsdóttir og Rudolf Simek, Wien: Fassbaender, 2001, bls. 63–77.

<sup>4</sup> *Brennu-Njáls saga*, bls. 92 og 100.

<sup>5</sup> Sama rit, bls. 94.

<sup>6</sup> Sama rit, bls. 97.

<sup>7</sup> Sama rit, bls. 213.

heldur skýrir ekki – hverjir þeir voru: „Þeir váru þá báðir dauðir ok höfðu verit in mestu illmenni“.<sup>8</sup> Eins og hefur verið bent á kann hér að vera á ferð tilvísun til Þórðar kroppinskegga og Kols sem frá er sagt í *Landnámabók*.<sup>9</sup> Í öllu falli er hér verið að vísa til drauga og varla er tilviljun að þessir draugar hafi verið hin mestu illmenni í lifanda lífi því að miðaldahugsunin virðist vera sú að samræmi ríki milli samfélagsins og handanheima.

Illskan var íslenskum miðaldahöfundum hugleikin sem meðal annars sést á því að orðin *illur* og *illska* eru býsna algeng í varðveittum íslenskum miðaldaritum, þó misalgeng eftir bókmenntategundum. Allmörg dæmin eru þannig úr ritum sem tengjast kristinni trú og guðfræði en dæmin eru færri í Íslendingasögum. *Brennu-Njáls saga* sker sig þar þó úr sem ef til vill veitir vísbendingu um kirkjulegan uppruna höfundar. Rétt er að geta þess að orðið hefur ýmsar merkingar og sumar guðfræðilegri en aðrar. Þannig er talað um lesti og illskur í *Um kostu og löstu* eftir Alkvín,<sup>10</sup> og hefur þá illskan siðferðislegt inntak. En illska getur einnig merkt fæð eða óvinarhug (grimmd og illska til einhvers) eða einfaldlega það sem er lélegt (illt vor, illt til matar). Hvað á túlkandinn að gera þegar tiltekið orð nær yfir þrjú mismunandi ástönd? Eru tengsl milli merkingarsviðanna? Stundum virðast þau blasa við. Ég hef bent á að það sé varla tilviljun að orðið *forneskja* tákna bæði galdra, heiðinn sið og fortíðina.<sup>11</sup> Eins má velta fyrir sér hvort notkun sama orðs fyrir það sem er vont að upplagi eða hitt sem er lélegt og smátt sé tilviljun. Hafa Íslendingar löngum álituð að illskan sé fyrst og fremst skortur á góðu? Sú hugsun var mjög í anda kristinnar trúar á miðöldum og var tjáð snemma af Boethius í *Huggun heimspekinnar* sem varð víðfræg um alla Evrópu og kann jafnvel að hafa haft áhrif á Íslandi.

Í *Lilju* Eysteins munks frá miðri 14. öld er greint frá uppruna illskunnar. Í 7. vísu er kynntur til sögu engill nokkur „mektarfullur, er af bar öllum“ og er „skapaðr góðr ok skein í prýði“ en í 8. og 9. vísu spillist hann af „ofbeldi“ og „fúlum metnaði“ og sekkur að lokum niður í dýpið þar sem helvíti er nú.<sup>12</sup> Hugmyndin um illskuna sem gallaða gæsku kemur allskýrt fram. Góð vera spillist og

<sup>8</sup> Sama rit, bls. 406.

<sup>9</sup> Sjá Matthías Þórðarson, „Hvað Snorri goði sagði: Tvær athugasemdir við 145. kap. í Njáls sögu“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 1920, bls. 8–13.

<sup>10</sup> *Þrjár þýðingar lærðar frá miðöldum*, Gunnar Ágúst Harðarson bjó til prentunar, Reykjavík: Bókmenntafélagið, 1989.

<sup>11</sup> „The magical past. The term forneskja and the Christianization of Iceland in 13th and 14th century historical writing“, *Filologia Germanica 13, special issue: Magia e testi nelle tradizioni germaniche medievali*, 2021, bls. 1–21.

<sup>12</sup> Lilja, útgefandi Martin Chase, *Poetry on Christian Subjects. Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages 7*. Turnhout, bls. 569–572.

illskan er þá eins konar blettur eða galli á upphaflega góðri veru. Ekki er raunar minnst á illskuna sjálfa í kvæðinu en í 79. vísu er minnst á „illar gjörðir“,<sup>13</sup> og líklega eru heldur fleiri dæmi um illar gerðir eða illa hegðun en illar manneskjur í íslenskum miðaldatextum. En er hægt að ráða eitthvað af þessum dæmum um viðhorf til íslenskunnar á þessum tíma?

Í 30. kafla *Eyrbyggja sögu* er greint frá nötulegri þróun persónuleika Þórólfs bægifótar, föður Arnkels goða: „Hann tók nú at eldask fast ok gerðisk illr ok æfr við ellina ok mjök ójafnaðarfullr“ og er þetta annað af tveimur dæmum um orðið *illur* í sögunni – hitt lýsir Þórólfi líka.<sup>14</sup> Þórólfur bægifótur verður síðar öflugur draugur sem leggur heilan fjörð í eyði og öfugt við önnur fúlmenni sögunnar er hann því eins konar yfirnáttúruleg vera. Það getur varla verið tilviljun að orðið *illur* sé notað um svo háskalega handanheimsveru því að það kemur einnig við sögu í öðrum þekktum draugalýsingum miðalda. Þannig eru tvær tröllslegar verur í *Laxdæla sögu* sagðar illar viðureignar: Víga-Hrappur (17. kap.) og Stígandi (38. kap.).<sup>15</sup> Í *Grettis sögu* er orðið notað um drauginn Glám (34. kap.) og hina göldróttu móður Þorbjarnar önguls (79. kap.) en raunar er Glámur einnig kallaður „gustillr“ og viðskotailr“ (32. kap.).<sup>16</sup> Þessir fimm andstæðingar eru allir yfirnáttúrulegir á einhvern hátt, verur af því tagi sem oft eru kenndar við tröllskap í íslenskum miðaldatextum en þar merkir tröllskapurinn ekki síst galdrafólk og afturgöngur.<sup>17</sup>

Þórólfur bægifótur kemur lesendum *Eyrbyggju* aldrei fyrir sjónir sem sérlega geðþekkur maður en það er ellin sem gerir hann „illan og æfan“ þannig að hann er þá líklega kominn á nýtt stig illskunnar.<sup>18</sup> Þetta er þá ef til vill vísbending um að þegar Þórólfur deyr (eða deyr ekki) og breytist í djöfullegan draug, þá er það eðlilegt framhald á jarðlífi hans þar sem hann var illur fyrir dauðann og

<sup>13</sup> Sama rit, bls. 651–652. Orðið „illar“ kemur aðeins fyrir í sumum handritum en annarsstaðar er ritað „allar gjörðir“.

<sup>14</sup> *Eyrbyggja saga*, Íslenzk fornrit 4, útgáfa, Einar Ól. Sveinsson og Matthías Þórðarson, Reykjavík, 1935, bls. 81–82.

<sup>15</sup> *Laxdæla saga*, Íslenzk fornrit 5, útgáfa, Einar Ól. Sveinsson, Reykjavík, 1934, bls. 39 og 108.

<sup>16</sup> *Grettis saga*, Íslenzk fornrit 7, útgáfa, Guðni Jónsson, Reykjavík, 1936, bls. 111, 117 og 250. Sjá enn fremur Torfi H. Tulinius, „Framliðnir feður. Um fornaskju og frásagnarlist í Eyrbyggju, Eglu og Grettlu“, *Heiðin minni. Greinar um fornar bóknemntir*, ritstjórar Haraldur Bessason og Baldur Hafstað, Reykjavík: Heimskringla, háskólaforlag Máls og menningar, 1999, bls. 283–316.

<sup>17</sup> Sbr. Ármann Jakobsson, *The Troll Inside You: Paranormal Activity in the Medieval North*, Punctum Books, 2017.

<sup>18</sup> Sjá einnig Ármann Jakobsson, „The Specter of Old Age: Nasty Old Men in the Sagas of Icelanders“, *Journal of English and Germanic Philology* 104:2005, bls. 297–325.

tröllskapurinn er rökrétt framhald þeirrar illsku sem er handan þess sem hægt er að eigna venjulegri manneskju. Ef til vill vísar hún líka til styrks hans því að tröllslegar verur eru sannarlega erfiðar viðureignar fyrir venjulegan mann. Víga-Hrappur og Stígandi eru líka draugur og tröll og þar með andstæðingar sem reynast flestum ofraun en styrkur þeirra er sennilega álíka djöfullegur og styrkur Þórólfs bægifótar og orðið „illur“ gæti verið vísbending um það. Áhugavert er síðan að orðið skýtur upp kollinum í tengslum við tvo erfiðustu andstæðinga Grettis í *Grettis sögu*, gömlu konuna sem neistar heiðninnar lifa enn í og verður honum að falli og hinn óhugnanlega Glám sem nær að horfa þannig á Gretti að hann losnar aldrei við þau augu.

Heiðni, tröllskapur og illska haldast hönd í hönd í þessum verum á meðan illska Kols og Brynjólfs róstu er öllu hversdagslegri. Þessir menn eru ekki holdgervingar illskunnar heldur fremur handlangarar sem hafa þann starfa að vinna illvirki eftir pöntun. Eins eru Hrappur og Tófi fyrst og fremst illmenni af því að þeir hafa komist upp á kant við samfélagið og afturgöngurnar ógurlegu eru illar vegna þess að þessir kónar eru hættulegir, illviðráðanlegir og ef til vill fulltrúar hins djöfullega. Illskan er þannig greinilega skilgreind út frá verkum manna og hún hefur skýrt samfélagslegt inntak.

Hér hefur einkum verið fjallað um orðið illsku á miðöldum, notkun þess og hugsanlegan samtímaskilning á því. Marga illsku má vitaskuld finna í fornsögum þó að orðið sé ekki notað en nákvæm greining á þeim krefst væntanlega gildismats enda erfitt að forðast það í greiningu bókmennta.

